



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

Aðgerðir vegna COVID-19

1. Aðgerðir og viðspyrna í menningar- og listalífi vegna COVID-19 - Gjörningahátíð

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 4.000 þ.kr. vegna aðgerða sem efla eiga menningar- og listalíf í Reykjavík vegna Covid-19. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-4.000
MOF	xxx	Listasafn Íslands - Gjörningahátíð	Til	4.000
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og áætlað er að jafnréttismat muni fara fram samkv. ákvörðun borgarráðs frá 2. apríl 2020 um að jafnréttismeta eigi allar tillögur er varða viðspyrnuaðgerðir vegna Covid-19.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar í borgarráði 30. apríl 2020, R20030002, Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Aðgerðir og viðspyrna í menningar- og listalífi. Meðal áætlaðra verkefna var Gjörningahátíð hjá Listasafni Íslands. Allur undirbúningur var vel á veg kominn og búið að ganga frá dagskrá og semja við listamenn, en vegna lokunar safnsins vegna Covid-19 hefur ekki verið mögulegt að framkvæma verkefnið. Óskað er því eftir endurnýjun á heimild að fjárhæð 4.000 þ.kr.

2. Stuðningur til sviðslista í Tjarnarbíó og Borgarleikhúsi

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 31.000 þ.kr. vegna stuðnings sviðslistum í Tjarnarbíó og Borgarleikhúsi sem viðspyrnuaðgerð vegna Covid-19. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-31.000
MOF	03101	Borgarleikhúsið	Til	28.000
MOF	03135	Tjarnarbíó	Til	3.000
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og áætlað er að jafnréttismat muni fara fram samkv. ákvörðun borgarráðs frá 2. apríl 2020 um að jafnréttismeta eigi allar tillögur er varða viðspyrnuaðgerðir vegna Covid-19.

Greinargerð:

Vísað til samþykkt borgarráðs frá 5. nóvember 2020 liður 8, mál R20110025, Covid-aðgerðir Reykjavíkurborgar til stuðnings sviðslistum í Tjarnarbíó og liður 7, mál R20110023, Covid-aðgerðir Reykjavíkurborgar til stuðnings sviðslistum í Borgarleikhúsi.

3. Harpa tónlistarhús – rekstrarframlag

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 135.000 þ.kr. vegna sérstaks aukaframlags til rekstrar Hörpu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-135.000
SFS	xx	MOF	Til	135.000
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað til samþykkt borgarráðs frá 21. janúar 2021 liður 7, mál R21010191, Tillaga um sérstakt rekstrarframlag til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. vegna ársins 2020 og 2021.

Dagur B. Eggertsson